

**250. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, miðvikudaginn 20. nóvember 2024 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Liv Aase Skarstad varaformaður, Ragnheiður Helgadóttir varamaður, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Maren Ósk Elíasdóttir verkefnastjóri, Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri, Anna María Þráinsdóttir verkefnastjóri, Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri, Valdís Eyjólfsdóttir verkefnastjóri og Vera Líndal Guðnadóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2209259 - Stefnumótun Akraneskaupstaðar**

Farið yfir uppsetningu og verkferla tengda verkefnaskrá, ásamt drögum að aðgerðaáætlun fyrir heildarstefnuna.

Valdsí Eyjólfsdóttir verkefnastjóri fylgir málinu eftir.

*Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir kynningu á stöðu verkefnisins.*

Valdís Eyjólfsdóttir vísar af fundi.

**2. 2402214 - Framkvæmdir við mannvirki á skóla- og frístundasviði - reglubundið yfirlit**

Anna María Þráinsdóttir verkefnastjóri og Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri fóru yfir stöðu framkvæmda í stofnunum á skóla- og frístundasviði.

*Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir góða kynningu. Framkvæmdir ganga almennt vel og fyrirséð að stórum áföngum verður náð á fyrstu mánuðum næsta árs.*

Anna María og Alfreð Þór vísar af fundi.

**3. 2411129 - Sundfélag Akraness - erindi til bæjarfulltrúa og bæjarstjóra**

Fjallað um erindi stjórnar Sundfélags Akraness sem sent var bæjarfulltrúum og bæjarstjóra. Efni erindisins er: Sundlaug á biðlista í 34 ár.

Eftirfarandi fulltrúar Sundfélags Akraness fylgja málinu eftir: Valdimar Ingi Brynjarsson, Guðmundur Brynjar Júlíusson, Ágúst Júlíusson og Kjell Wormdal.

*Sundfélag Akraness lýsir yfir áhyggjum sínum af því að áformum um nýja sundlaug á Akranesi er ítrekað slegið á frest allt frá árinu 1990. Þolinmæði félagsins er á þrotum og krefst það þess að bæjarstjórn Akraness standi við gefin loforð um nýja innisundlaug á Jaðarsbakkasvæðinu og tímasetning framkvæmda verðu ákveðin hið fyrsta. Skóla- og frístundaráði þakkar fyrir gott og heiðarlegt samtal við fulltrúa Sundfélags Akraness. Ráðið sýnir málinu skilning og tekur undir að bygging nýrrar sundlaugar sé mikilvæg samfélagsframkvæmd. Öllum er ljóst að þörf er á að bæta aðstöðu til sundiðkunar á Akranesi - hvort sem er fyrir hinn almenna íbúa, til sundkennslu, endurhæfingar eða sundþjálfunar og keppni, íbúum til heilla. Fulltrúar í skóla- og frístundaráð munu fylgja málinu eftir í sitt pólitíska bakland.*

Fulltrúar Sundfélags Akraness vísar af fundi.

**4. 2411130 - Þróunarsjóður skóla- og frístundasviðs 2025**

Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri forvarna- og frístundamála Akraneskaupstaðar fer yfir umsókn forvarnarhópsins Brúarinnar í Þróunarsjóð skóla- og frístundaviðs fyrir árið 2025. Heiti verkefnisins er Forvarnaráætlun barna og ungmenna á Akranesi.

*Skóla- og frístundaráð samþykkir að veita styrk úr Þróunarsjóði skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2025 til verkefnisins. Ráðið fagnar því að verið sé að vinna að heildstæðri forvarnaráætlun og er ánægt með að áhersla sé lögð á samræmi milli stofnanna um fræðslu og forvarnarefni.*

**5. 2411131 - Lýðheilsu- og forvarnarsjóður**

Lögð er fram tillaga að breytingu á heiti deildar 06700 innan málaflokks 06. Deildin heitir nú Heilsueflandi samfélag en lagt til að því verði breytt í Lýðheilsa og forvarnir.

Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri forvarna- og frístundamála situr fundinn einnig undir þessum dagskrárlíð.

*Skóla- og frístundaráð samþykkir breytingartillöguna. Deildin mun heita Lýðheilsu- og forvarnir 06700 frá 1. janúar 2025.*

Heiðrún vikur af fundi.

**6. 2401006 - Fundargerðir 2024 - menningar- og safnanefnd**

Lagðar fram til kynningar.

Vera Líndal Guðnadóttir verkefnastjóri menningar- og safnamála situr fundinn undir þessum dagskrárlíð.

*Skóla- og frístundaráð tekur heilshugar undir bókun menningar- og safnanefndar í fundargerð 139. fundar, fundarliður 4, um einstaklega vel heppnaða menningarhátið Vökudaga 2024. Ráðið vill einnig færa þakkir til allra þeirra sem tóku þátt í hátíðinni með einum eða öðrum hætti.*

*Skóla- og frístundaráð tekur einnig undir bókun nefndarinnar, í dagskrárlíð 8 í sömu fundargerð, um að samningur um rekstur Bíóhallarinnar við Vini Hallarinnar ehf verði framlengdur um eitt ár.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.**